

# SKÝRSLA UM RÁÐSTÖFUN AFLAMAGNS SEM DREGIÐ ER FRÁ HEILDARAFLA

## OG ÁHRIF ÞESS Á BYGGÐAFESTU

### Ágrip

Skýrslan, sem unnin var á vegum RHA-Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, leggur mat á byggðafestuáhrif potta<sup>1</sup> fiskveiðistjórnunarkerfisins sem hafa verið einna lengst í gangi: Línuívilnun, almenni byggðakvótinn<sup>2</sup>, skelbætur og strandveiðar. Í þessari skýrslu var valið að meta byggðafestuáhrif með því að mæla áhrif potta fiskveiðistjórnunarkerfisins á staðbundna veiði, löndun og vinnslu sjávarafla (en þó eingöngu botnfisks- og flatfisktegunda, enda gilda pottarnir um þá). Gagnasafn yfir allar hafnir á landinu á tímabilinu 2004-2014 lá til grundvallar niðurstöðunum.

Megin niðurstöður voru:

- Almenni byggðakvótinn skilar mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem lengst hafa verið í gangi en línuívilnun og strandveiðar komu þar á eftir í öðru og þriðja sæti en skelbætur voru sístar.

Byggðafestuáhrif pottanna reyndust ólík eftir landsvæðum:

- Á einangruðustu og viðkvæmstu sjávarbyggðirnar hafði línuívilnun mestu byggðafestuáhrifin.
- Á Norðurlandi og Austurlandi höfðu skelbætur mestu byggðafestuáhrifin.
- Á Snæfellsnesi, Vestfjörðum að hluta og stór-höfuðborgarsvæðinu<sup>3</sup> hafði almenni byggðakvótinn mestu byggðafestuáhrifin.

Byggðafestuáhrif séð út frá kerfunum (pottunum):

- Strandveiðarnar og almenni byggðakvótinn höfðu mestu byggðafestuáhrif á stór-höfuðborgarsvæðinu.
- Línuívilnun hafði mestu byggðafestuáhrifin á einangruðustu og viðkvæmstu sjávarbyggðirnar.

---

<sup>1</sup> Í þessari skýrslu eru pottar samheiti yfir frávik í úthlutun aflaheimilda frá almenna aflamarkskerfinu og smábátakerfinu eins og línuívilnun, byggðakvóti, skelbætur og strandveiði. Heildar aflamark er samtala almenns aflamarks og potta.

<sup>2</sup> Tveir byggðakvótar er í gangi. Almenni byggðakvótinn í umsjá Fiskistofu og aflamark Byggðastofnunar sem kallað er sértæki byggðakvótinn í skýrslunni.

<sup>3</sup> Stór-höfuðborgarsvæðið er hér skilgreint sem höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Akranes og Þorlákshöfn.

- Skelbætur höfðu mestu byggðafestuáhrifin á Norðurlandi og Austurlandi.

Þannig má sjá að pottarnir virðast virka vel á sumum svæðum en ekki öðrum en sjaldnast virkar hver um sig best á sama svæði og annar pottur.

Aðrar niðurstöður:

- Höfuðborgarsvæðið er langstærsta verstöð landsins þegar horft er til hefðbundinnar svæðisskiptingar Hagstofu Íslands. Um helmingur allrar vinnslu og veiða fara fram á stór-höfuðborgarsvæðinu og sú hlutdeild fer stækkandi.
- Sjávarbyggðir eru hlutfallslega sterkari í veiðum utan stór-höfuðborgarsvæðisins. Þetta á sérstaklega við um Vesturland og Austurland.
- Höfuðborgarsvæðið er hlutfallslega sterkast í vinnslu, en þar er verkað tvöfalt meira en svarar til aflaheimilda þess. Stór-höfuðborgarsvæðið kemur fast á hæla þess og Akureyri í kjölfarið. Eyjafjörður er sterkur í vinnslu, Vestfirðir virðast í góðri stöðu hvað hana varðar en síst er hún á Austurlandi.
- 98% skelbótanna hafa farið til 27 úthlutunarhæstu hafna landsins á árunum 2003-2014, 78% almenna byggðakvótans, 84% strandveiðanna og 92% línuvinnunar. Þéttbýli á Íslandi eru um 105 á Íslandi en 68 þeirra eru talin til sjávarbyggða í þessari skýrslu.
- Af 68 útgerðarstöðum fóru skelbætur á 41 stað á tímabilinu, mest 7.034 tonn til Stykkishólms en næstmest 5.175 tonn til Hafnarfjarðar og síðan 2.999 tonn til Ísafjarðar. Í Stykkishólmi virðast skelbætur hafa skipt sköpum um byggðafestu þó greiningarlíkanið nái ekki utan um það (sjá lýsandi greiningu).
- Bolungarvík bar höfuð og herðar yfir þá staði sem nýttu sér línuvinnun með 9.507 tonn á tímabilinu 2003-2014 en Ólafsvík kom þar á eftir með 3.803 tonn. Rif, Siglufjörður og Suðureyri fylgdu svo í kjölfarið með mjög svipaða tonnatölu og Ólafsvík.
- Skipting og dreifing í strandveiðum og almenna byggðakvótanum var mun jafnari á milli staða en í línuvinnun og skelbótum.

*Vífill Karlsson, hagfræðingur og dósent við HA sem og ráðgjafi hjá SSV*

*Hjalti Jóhannesson, landfræðingur og sérfræðingur RHA*